



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 2/2026

Ákvörðun um sekt vegna óviðunandi verðmerkinga Errea

I. Málsmeðferð

1. Dagana 25. – 27. nóvember 2025 framkvæmdi Neytendastofa skoðun á ástandi verðmerkinga í verslunum í Smárahverfi og Lindarhverfi. Kom starfsmaður Neytendastofu þ. á m. í verslun Errea í Bæjarlind 14-16 sem rekin er af Sport Company ehf. Í skoðuninni voru verðmerkingar kannaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vörur eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru með réttu söluverði þar sem hún er höfð til sýnis neytendum. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að ástand verðmerkinga inni í versluninni væri ábótavant. Sérstakar athugasemdir voru gerðar við ástand verðmerkinga á legghlífum, boltum í kórfa, fóboltasokkum, bakpokum og buffum. Ástand verðmerkinga á útstillingum var einnig metið ábótavant. Sérstakar athugasemdir voru gerðar við verðmerkingar á vatnsbrúsum og ýmsum smávörum bakvið afgreiðsluborð.
2. Starfsmaður verslunarinnar kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástandi verðmerkinga. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í versluninni þess efnis að skoðun hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda félaginu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.
3. Með bréfi Neytendastofu til félagsins, dags. 5. desember 2025, greindi stofnunin félaginu frá niðurstöðu skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til félagsins að koma verðmerkingum í betra horf. Í bréfinu kom fram að könnun stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrri könnun og mætti félagið búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir,



samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.

4. Þann 7. janúar 2026, var ástand verðmerkinga aftur skoðað í versluninni. Enn voru gerðar athugasemdir við ástand verðmerkinga og útstillinga verslunarinnar og ástand þeirra metið sem ábótavant. Gerðar voru sérstakar athugasemdir við skort á verðmerkingum á æfingagöllum, performance vörum, inniskóm og vörum í boltakörfum sem staðsettar voru á þremur mismunandi stöðum í versluninni. Einnig vantaði verðmerkingar á útstillingar, þ. á m. vatnsbrúsa við afgreiðslu og ýmsar aðrar vörur.
5. Með bréfi Neytendastofu til Sport Company ehf., dags. 19. janúar 2026, var félaginu tilkynnt um framangreindar athugasemdir og gefinn tveggja vikna frestur til að koma að skýringum og/eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.
6. Með tölvubréfi félagsins til Neytendastofu, mótt. 11. febrúar 2026, tilkynnti félagið að búið hafi verið að verða við stórum hluta athugasemda frá fyrri heimsókn Neytendastofu. Ekki hafi tekist að klára það þegar seinni heimsókn stofnunarinnar fór fram en m.a. var búið að setja stórar verðmerkingar á körfur og brúsaverð á vegg fyrir aftan afgreiðslu.
7. Staðfesti stofnunin móttöku og tjáði félaginu að höfð yrði hliðsjón af umræddum gögnum við töku stjórnvaldsákvörðunar í málinu.

II. Niðurstaða

8. Í máli þessu hefur Sport Company ehf. ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í verslun félagsins, Errea í Bæjarlind, í viðunandi horf innan tilskilins frests.
9. Samkvæmt 17. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 skal fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustað að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Í 17. gr. og 18. gr. laganna er Neytendastofu veitt heimild til setningar frekari ákveða um verðmerkingar og það hefur stofnunin gert með reglum nr. 536/2011. Í umræddum reglum kemur m.a. fram að fyrirtæki skuli skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum, þ.m.t. í búðargluggum, sýningarkössum og annars staðar, sbr. 1. og 3. mgr. 3. gr. reglnanna.



10. Samkvæmt ákvæðunum ber seljendum að verðmerkja allar söluvörur sínar með réttu söluverði. Á fyrirtækjum hvílir afdráttarlaus skylda til að hafa söluvörur ávallt verðmerktar. Í máli þessu voru niðurstöður síðari skoðunar að verðmerkingar í versluninni og í útstillingu hafi verið ábótavant. Í svari Sport Company ehf. kom fram að búið hafi verið að verða við stórum hluta athugasemda Neytendastofu frá fyrri heimsókn þegar seinni heimsóknin átti sér stað. Framangreint breytir þó ekki þeirri staðreynd að verslunin hafði ekki unnið bót á verðmerkingum innan þess frests sem stofnunin veitti henni áður en til síðari skoðunar kom. Seinni skoðun Neytendastofa leiddi í ljós að enn voru annmarkar á verðmerkingum hjá félaginu í verslun og í útstillingum verslunarinnar.
11. Eftir fyrri skoðun var félaginu gerð grein fyrri ástandi verðmerkinga í versluninni og viðeigandi reglum sem gilda um verðmerkingar og beindi þeim fyrirmælum til félagsins að koma verðmerkingum í viðundandi horf. Það var ekki gert innan tilskilins frests og því telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.
12. Samkvæmt b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II. – VIII. kafla laganna og fyrirmælum Neytendastofu, sbr. 21. gr. b. laganna. Samkvæmt c. lið 1. mgr. 22. gr. getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki vegna brota á reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr. laganna.
13. Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhöfsreglu og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Sport Company ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 100.000 kr. (eitt hundrað þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

III. Ákvörðunarorð:

„Sport Company ehf., Bæjarlind 14-16, 201 Kópavogi, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með óviðunandi verðmerkingum í versluninni Errea í Bæjarlind 14-16.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Sport Company ehf. að fjárhæð kr. 100.000 (eitt hundrað þúsund krónur). Sektina skal



greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 19. febrúar 2026

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir